

# Funafréttir



Rósa Steinunn Hreinsdóttir  
Halldórsstöðum  
601 Akureyri

1. Tölublað. 5. Árgangur. Janúar 2000.

## Frá stjórn Funa.

Nú liður senn að aðalfundi Funa og því eru nokkur atriði sem við viljum minna á. Fyrst er að telja skil á starfsskýrslum nefnda. Þær þurfa að hafa borist til Önnu Kristínar eigi síðar en 14. febrúar næstkomandi. Þeir sem hafa aðgang að tölvu geta sent skýrslurnar í tölvupósti. Netfangið er annakristin@islandia.is. Hinir verða að notast við einhverjar aðrar aðferdir.

Svo eru það blessuð árgjöldin, enn eiga um 25 aðilar eftir að greiða árgjöldin í Funa fyrir árið 1999. Þessir aðilar hafa enn nokkra daga til að gera skil, það er fram að næstu mánaðarmótum. Annars neyðumst við til þess að strika þá út af félagaskrá eins og lög félagsins kveða á um. Er það einlæg von okkar að til þess þurfi ekki að koma.


Aðalfundur Funa verður haldinn á Melgerðismelum föstudaginn 25. febrúar kl. 20.30. Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Afgreiðsla reikninga.
- c) Starfsskýrslur nefnda.
- d) Lagabreytingar.
- e) Gerð starfsáætlun.
- f) Tekin ákvörðun um árgjald.
- g) Kosningar.
- h) Önnur mál.

Vonumst við til þess að sem flestir sjái sér fært að mæta og taka þátt í umræðum um framtíð félagsins. Það er alltaf gott að heyra skoðanir hins almenna félagsmanns sem sér hlutina kannski frá öðru sjónarhorni en við sem störfum í stjórn félagsins hverju sinni. Það er ekki síður mikilvægt fyrir þær sakir að nú hafa hestamannafélögin á Norðurlandi hafið viðræður um samstarf á ýmsum sviðum hestamennskunnar. Eins og margir vita nú þegar, þá hefur verið ákveðið að Íslandsmótið í hestaíþróttum verði haldið á Melgerðismelum síðustu helgina í júlí og munu Eyfirðingar, Skagfirðingar og Húnvetningar standa saman að því móti.

Þá hafa formenn og variformenn Funa, Léttis, Hrings og Þráins einnig borið saman bækur sínar með nánara samstarf í huga. Það er engin spurning að aukið samstarf hefur marga kosti í för með sér og því ber að skoða það með opnum huga. Að lokum óskum við ykkur velfarnaðar á nýbyrjuðu ári, bæði í starfi og leik.

Stjórn Funa.



## Létt grín.

Læknir, ég er hingað kominn út af meðalinu sem þú lést mig fá um daginn.  
Þessu sem átti að stæla mig og styrkja.  
Og hvað með það?

Jú sjáðu til. Ég næ bara alls ekki lokinu af meðalaglasinu.

Hvernig gekk megrunarkúrinn hjá konunni þinni, Emil?  
Æðislega vel. Í síðustu viku hvarf hún alveg.

## Bæjakeppni Funa 1999.

Bæjakeppni félagsins var haldin á Melgerðismelum laugardaginn 21. ágúst í ágætisveðri. Alls tóku 80 aðilar þátt í keppninni að þessu sinni og eru þeim færðar bestu þakkar fyrir stuðninginn. Þessir aðilar eru:

Króksstaðir-Stefán	Þórustaðir V.	Brekka
Svertingsstaðir II.	Svertingsstaðir III.	Skálpageði
Ytri-Hóll I.	Berjaklöpp	Hjarðarhagi
Syðri-Hóll-Þuríður	Garðsá-Orri	Höskuldsstaðir
Jódísarstaðir-Snæbjörn	Garður II.	Staðarhóll
Öngulstaðir-Baldur	Öngulstaðir-Birgir	Öngulstaðir-Sigurgeir
Bjarg-Ragnar	Björk	Tjarnagerði
Syðri-Tjarnir	Hóll II.	Komma-Vilberg
Punktur	Brúnalaug II.	Klauf
Uppsalir-Jóhann	Uppsalir-Ingi	Félagsbúið Ríkelsstöðum I.
Litli-Hamar	Kambur	Stóri-Hamar-Jónas
Bringa-Jóna og Sverrir	Bringa-Freyja-Reynir	Kvistás
Akur	Fellshlíð-Svanborg	Kálfagerði-Sigrún
Möðruvellir-Anna	Hríshóll-Erna	Hríshóll II
Stekkjarflatir	Gnúpufell-Ingibjörg	Hrísar-Hulda
Arnarstaðir	Hólakot	Vatnsendi
Villingadalur	Torfufell	Torfufell II-Hallgrímur
Halldórsstaðir	Hólsgerði	Jórunnarstaðir
Ártún	Samkomugerði II.	Árgerði
Stóri-Dalur	Hvassafell	Litli-Garður
Mikligarður	Ysta-Gerði	Árbakki
Gilsbakki	Holtsel	Torfur
Grund I	Grund II.	Dvergsstaðir
Viðigerði	Espihóll	Merkigil
Hranastaðir	Hrafnagil	Kristnes
Reykhus	Teigur-Herdís-Birgir	Teigur-Þorgerður-Stefán
Hvammur	Hólshús-Hólmgeir	

Keppt var í fimm flokkum og voru keppendur alls 65 talsins.

Úrslit voru eftirfarandi:

### Barnaflokkur: (16 keppendur)

1. Þorgils Magnússon á Sóma 8 vетра brúnstjörnóttum - keppti fyrir Litla-Garð.
2. Anna Sonja Ágústdóttir á Blökk 9 vетра brúnni - keppti fyrir Árbakka.
3. Svana Ingólfssdóttir á Jökultopp 10 vетра leirljós, blesóttum - keppti fyrir Freyju og Reyni á Bringu.

### Unglingaflokkur: (7 keppendur)

1. Ásdís Sigursteinsdóttir á Fleyg 9 vетра rauðblesóttum - keppti fyrir Stóra-Dal.
2. Silja Valdimarsdóttir á Gjóstu 6 vетра brúnstjörnóttum - keppti fyrir Fellshlíð.
3. Ragnhildur Reynisdóttir á Forki 10 vетра jörpum - keppti fyrir Hólshús- Hólmgeir

### Kvennaflokkur: (9 keppendur)

1. Freyja Sigurvinssdóttir á Hlyn 8 vetra rauðum - keppti fyrir Jórunnarstaði.
2. Herdís Ármannsdóttir á Græju 8 vetra rauðblesóttri - keppti fyrir Torfufell II.
3. Rósá Hreinsdóttir á Plútó 15 vetra rauðum - keppti fyrir Öngulstaði- Sigurgeir.

### Karlaflokkur: (16 keppendur)

1. Þórhallur Þorvaldsson á Indjána 14 vetra rauðskjóttum - keppti fyrir Ártún.
2. Heimir Gunnarsson á Trausta 10 vetra rauðum - keppti fyrir Jónu og Sverri Bringu.
3. Stefán Birgir Stefánsson á Hjörvari 8 vetra brúnstj. - keppti fyrir Svertingsstaði III.

### Opinn flokkur: (17 keppendur)

1. Björn Einarsson á Blesu 8 vetra rauðblesóttri - keppti fyrir Klauf.
2. Þórir Rafn Hólmeirsson á Gimsteini 7 vetra rauðum - keppti fyrir Hvassafell.
3. Birgir Árnason á Dröfn 6 vetra gráskjóttri - keppti fyrir Þórustaði V.

Litli-Garður, Stóri-Dalur, Jórunnarstaðir, Ártún og Klauf fengu lítinn verðlaunagrip til eignar en dregið var um hinn veglega farandbikar. Ásdís Sigursteinsdóttir sem keppti í ungingaflokkki hafði þar vinninginn og farandbikarinn verður því geymdur í Stóra-Dal fram að næstu bæjarkeppni.



### Gæðingamót Funa 1999.

Gæðingamótið var haldið á Melgerðismelum sunnudaginn 13. júní og var góð þátttaka hjá fullorðnum en það sama verður ekki sagt um ungu kynslóðina.

Úrslit voru eftirfarandi:

#### A-flokkur gæðinga:

1. Seifur frá Skriðu. Eig: Mínerva Sverrisdóttir. Kn: Þór Jónsteinsson.  
Einkunn 8,50.
2. Ómur frá Brún. Eig: Matthias Eiðsson. Kn. í forkeppni Matthias Eiðsson.  
Kn. í úrslitum Birgir Árnason. Einkunn 8,48.
3. Blakkur frá Árgerði. Eig: Magni Kjartansson. Kn: Stefán Birgir Stefánsson.  
Einkunn 8,43.
4. Arður frá Brún. Eig: Matthias Eiðsson. Kn: Matthias Eiðsson.  
Einkunn 8,22.
5. Stormur frá Akri. Eig: Þór Hjaltason. Kn. í forkeppni Þór Jónsteinsson.  
Kn. í úrslitum Heimir Gunnarsson. Einkunn 7,37.

#### Barnaflokkur:

1. Anna Sonja Ágústsdóttir á Blökk frá Köldukinn. Einkunn 8,27.
2. Þorgils Magnússon á Sóma frá Hofstöðum. Einkunn 7,78.

### Unglingaflokkur:

1. Ásdís Helga Sigursteinsdóttir á Fleyg frá Teigi. Einkunn 8,01.

### Ungmennaflokkur:

1. Neisti frá Akureyri. Eig: Heimir Gunnarsson. Kn: Heimir Gunnarsson. Einkunn 8,41.
2. Stjarna frá Ysta-Gerði. Eig: Þorvaldur Hallsson. Kn: Þórhallur Þorvaldsson. Einkunn 8,16.
3. Kvika frá Svertingsstöðum II. Eig: Hörður Guðmundsson. Kn: Hákon Harðarson. Einkunn 8,15.

### B-flokkur gæðinga:

1. Gjósta frá Brún. Eig: Matthias Eiðsson. Kn: Matthias Eiðsson. Einkunn 8,50.
2. Ísak frá Ytri-Bægisá. Eig: Þór Jónsteinsson. Kn: Þór Jónsteinsson. Einkunn 8,39.
3. Drottning frá Grund 2. Eig: Hrossaræktarbúið Grund. Kn: Birgir Árnason. Einkunn 8,35.
4. Hjörvar frá Árgerði. Eig: Magni Kjartansson og Stefán Birgir Stefánsson. Kn. í forkeppni Stefán Birgir. Kn. í úrslitum Magni. Einkunn 8,21.
5. Græja frá Árgerði. Eig: Magni Kjartansson. Kn: Stefán Birgir Stefánsson. Einkunn 8,17.

### LÉTT GRÍN.

Sæl frú Lára. Hvernig gengur með nýja varðhundinn?  
Bara vel. Ég hef ekki komist inn í húsið mitt í viku!

Kötturinn minn kann að reikna.  
Ég spurði hann hvað tveir minus tveir væru og hann sagði ekki neitt.

Kann hundurinn þinn að tefla?  
Það get ég nú varla sagt. Í gærkvöldi vann ég fjórar skákir af sex.

Kattareigandi nokkur hringdi eitt sinn í dýralækni og sagði: Kötturinn minn er með hægðatregðu. Gætuð þér ekki komið og litið aðeins á hann?  
Ég á nú dálítið erfitt með að koma núna svaraði dýralæknirinn, en prófaðu bara að gefa kettinum dálítinn slurk af laxeroliu. Kannski lagast hægðatregðan við það.  
Við svo búið slitu þeir samtalinn, en um kvöldið hringdi dýralæknirinn í kattareigandann og spurði hvernig kettinum liði.  
Þetta er sjálfsagt á réttri leið svaraði kattareigandinn. Kötturinn minn situr núna úti í garði ásamt tólf öðrum köttum. Sex þeirra eru í að grafa, en hinir sjá um að róta yfir.

Heldurðu að konan míni hafi ekki hlaupist að heiman með besta vini mínum.  
Hvað ætlarðu eiginlega að gera maður?  
Ég verð sjálfsagt bara að kaupa mér annan hund.

Mér þykir leitt að heyra að konan þín skyldi stinga af með vinnumanninum.  
O, ég ætlaði að rek'ann hvort sem var.

### Frá ritstjóranum.

Nú er svo komið að ég er orðin uppiskroppa með efni í þetta blesaða blað og það er ekki í fyrsta skipti. Til þess að stækka blaðið aðeins þá verð ég að grípa til ritstuldar sem er nú sjálfsagt í lagi ef þið látið það ekki fara lengra. Viðfangsefnið verða hestavísur af ýmsum toga og vona ég að einhverjir hafi gaman af. Þeir sem eru lítið fyrir vísur ættu hinsvegar að hætta lestrinum hér með.

### Stökur.

Folinn nettur fer á skrið,  
fylginn spretti gapinn.  
Ef hann slettist útá hlið  
ofan dettur knapinn.

Með sopagutl og söngva kvak  
samferðahópurinn reið.  
Annað hvort astur á bak,  
ellegar nokkuð á leið.

Skrykkjótt reið og taumatog  
til þess líkum bendir  
að sumir fullir séu og  
sumir talsvert kenndir.

Drekk ég mikið dýrðlegt vín,  
dreg úr hiki vífsins.  
Eru svikul athvörf mín  
yst á skikum lífsins.

Ég hef stundum hesti hleypt  
hálfur eða meira.  
Gegnum lífið stömpum steypt,  
stuðlað grín og fleira.



### Blakkur.

Töltir mjúkur grjót og grund,  
gneistafjúkið drífur.  
Teygist búkur, tryllist lund,  
taum úr lúkum þrifur.

Grípur sprettinn sprækur klár,  
spila klettar undir.  
Stæltur, léttur fleygist frár,  
fjöll sem sléttar grundir.

Fótalipur hendist hann,  
honum fipar ekki.  
Þvílik grip ei fyrr ég fann  
né fjörtök svipuð þekki.

### Karlaraup.

Oft af litlu glaðst ég gat,  
gæðing tók til kosta.  
Vín á pyttlumikils mat,  
meyjum jók ég losta.

Syngjandi ég söðla hest,  
sá mun teljast vakur.  
Aðstæðunum uni best  
ofurlítið rakur.

Ég hef mörgum hesti hleypt,  
hampað ljóðapenna.  
Oft á veigum dýrum dreypt,  
dugað vel til kvenna.

Afkoman er ekkert grín,  
efnahagur þróngur,  
enda höfða helst til míni  
hestar, vín og söngur.

Á vegferð minni virðist fátt  
um veraldlegan gróða,  
þó ég hafi oftast átt  
úrvalshesta góða.

Af ævi minnar sögu sést  
sé að dáðum hugað,  
að fætur míni fyrst og best  
til flóttans hafa dugað.



### Smellin vísa.

Situr brellið fola flón  
fremur hnillin skvísa.  
Þiljur svella þekja Frón.  
Þetta er smellin vísa.



### Vonbrigði.

Ætið skaltu iðka streð,  
eðlið kalt ég nefni.  
Þér er allt svo þvert um geð,  
þú ert saltkjöts efni.

## Vísukorn.

Að vera á hestum vinum með  
veitir mesta gleði.  
Lögg í nestið léttir geð,  
löngum flest þá skeði.

¶  
Hringaði makkann, teygði taum,  
talinn blakka prýði.  
Reiðar frakkan gerði glaum,  
grjótið sprakk og flýði.

¶  
Gráni veginn fljótt um fer,  
finnst hann eigi slakur.  
Yngismey á baki ber  
blakkur fleygivakur.

¶  
Litli-Skjóni leikur sér,  
lipurt hefur fótatak.  
Pabbi góður gaf hann mér,  
gaman væri að skreppa á bak.

¶  
Er hún Fífa undir mér  
eins og drífi tundur.  
Hennar stífu hófarnir  
holtin rífa sundur.

¶  
Skeiðar, brokkar, tifar, töltir,  
teygir snoppu í himnarann.  
Uppi á baki einn þar bröltir,  
allvel sá til verka kann.

¶  
Á þó detti dimmleit skúr,  
digni þéttu hárin,  
læt ég spretta spori úr,  
Sporð, minn léttá klárinn.

¶  
Handleggur, sem hastur var,  
hrekkjabólginna líka,  
hann er orðinn einskonar  
afturbatapíka.

¶  
Gerir lítið gagnlegt starf,  
grálynd vísnaðra.  
Vegaskítur vakning þarf,  
vanur að bíta aðra.

¶  
Viljabann mun þjaka þann,  
þver er hann og töfull.  
Rangstökk kann, því illu ann  
- allra manna djöfull.

Meðan endist ævin míin  
eg skal vera glaður.  
Elska hesta, víf og vín  
og vera drykkjumaður.

¶  
Hesturinn minn heitir Brúnn,  
hann er ekki falur  
þó bjóðist annar beislahúnn  
og bandaríkisdalur.

¶  
Glymur undir grjót og mold,  
í gömlum jarðarskrokki.  
Bráðólmir þá bruna um fold  
beykirinn og Sokki.

¶  
Heims af kvöllum hef ég nóg,  
harma bítur ljárrinn.  
Margt eitt bölið bætir þó  
blessaður hvíti klárinn.

¶  
Þó haglið dynji hart á kinn  
og halli skömmum degi,  
kvíði ég ei því klárinn minn  
kennir alla vegi.

¶  
Allt er breytt sem áður fyrr  
okkur veitti gaman,  
kváðu sveittir karlarnir  
og klárum beittu saman.

¶  
Farðu vel með folann minn,  
fæstum reyndist þægur.  
Hann er eins og heimurinn,  
hrekkjóttur og slægur.

¶  
Ekki verður illskan blönk.  
Út til ferða leystur  
er hann gerður upp í hönk.  
að aftanverðu reistur.

¶  
Botninn sárum búinn er,  
berjast klár og skrokkur.  
Píkkar ári undir mér,  
illur fjárans brokkur.

¶  
Ljárskógs-Grána lengi mun  
lélegt og fátt til vina.  
Sleikir hann út um af ílöngun  
eftir að bíta hina.